



ENDURSKOÐUN
Alexander G. Eðvardsson
löggiltur endurskoðandi hjá KPMG

Flækjustig virðisaukaskatts í ferðapjónustu



Félag löggiltra endurskoðenda

Flækjustigið getur aukist enn frekar ef horft er til þeirra reglna sem gilda um leigu á ýmsum hlunnindum jarða svo sem stangveiði eða skotveiði.

Mikil umræða hefur farið fram á síðustu

misserum um skattamál ferðapjónustunnar. Bæði er um að ræða að margir telja að sú grein skili ekki nægum skatttekjum til samfélagsins og eins að skattaumhverfi hennar er bæði flókið og ruglingslegt. Sem dæmi má nefna að ferðapjónustuaðilar sem bjóða upp á fjölbreytta afþreyingu og þjónustu teljast vera í blandaðri starfsemi sem flækir bókhald og skattskil þeirra verulega. Í sumum tilvikum þurfa þeir að innheimta virðisaukaskatt og öðrum ekki og skatthlutfallið getur ýmist verið 7% eða 25,5%. Einnig er mismunandi hvort heimild sé til frádráttar vegna virðisaukaskatts af aðföngum vegna rekstrarins eða hvort hlutfalla þarf þennan frádrátt eftir ýmsum kúnstarinnar reglum.

Ríkisskattstjóri hefur á undanförnum árum oft þurft að svara því hvort hin eða þessi þjónusta beri virðisaukaskatt eða ekki enda eru hugmyndaríkir rekstraraðilar sífellt að finna upp á frumlegri afþreyingu fyrir ferðamenn. Fyrst voru það hestaleigur og hvalaskoðun, svo vélsleðar og flúðasiglingar, ofurjeppaferðir og fjórhjól. Við þessa flóru hafa svo best við ýmsar útgáfur af hvataferðum þar sem öllu er blandað saman, bæði afþreyingu, gistingu og veitingum ásamt hefðbundnum skoðunarferðum.

En málið getur vandast enn frekar því ferðamenn eru

eins mismunandi og þeir eru margir. Sumir vilja stýra fararskjótanum sjálfir en aðrir vera farþegar. Sumir vilja hafa leiðsögumann á meðan aðrir eru á eigin vegum. Einn vill fá að leigja fjórhjól og fá að hjóla í friði um fjallvegi landsins. Annar vill helst hafa leiðsögumann og fararstjóra með í ferð til að leiða sig og hestinn sem hann leigði á áfangastað. Sá fyrri greiðir virðisaukaskatt af leigunni sem telst þá vera útleiga á lausafjármunum en sá síðarnefndi er að kaupa þjónustu sem er óskattskyld til virðisaukaskatts á grundvelli þess að teljast fólksflutningar sem eru utan virðisaukaskattskerfisins.

Það skiptir máli um virðisaukaskattsskyldu hvort viðkomandi leigusali leigir út fararskjótann með eða án leiðsagnar. Komi hópur fólks að bækistöðvum vélsleðaleigu við jökulrætur og leigi sér vélsleða getur það skipt máli um skattskylduna hvort vélsleðinn er leigður með eða án leiðsögunna. Skattyfirvöld telja það vera fólksflutninga þegar vélsleði, hestur, fjórhjól eða mótorhjól er „leigt út ásamt leiðsögumanni í skipulagðri hópferð“. Vandamál gætu t.d. komið upp þegar um er að ræða óskipulagða hugdettu hjá tveimur félögum. Er hægt að kalla tvo félaga hóp? Hvað er skipulögð hópferð?

Flækjustigið getur aukist enn frekar ef horft er til þeirra reglna sem gilda um leigu á ýmsum hlunnindum jarða svo sem stangveiði eða skotveiði. Í rótgróinni skilgreiningu á því hvað telst vera fasteign telst leiga á hlunnindum fasteigna falla undir hugtakið fasteignaleiga í lögum um virðisaukaskatt. Fasteignaleiga er undanþegin skattinum og því hefur sala veiðileyfa, hvort sem þau eru í ár eða vötn og aðgangur að túnnum eða heiðum til skotveiða, einnig verið talin undanþegin virðisaukaskatti. Málið vandast þó heldur betur þegar settur er magnkvóti á veiðina. Ef aðeins er heimilt að skjóta tiltekinn fjölda gæsa hjá bændum eða sett er hámark á fjölda laxa sem heimilt er að veiða er ekki lengur um að ræða leigu á hlunnindum heldur vörusölu samkvæmt túlkun skattyfirvalda. Það er þá spurning hvernig skattyfirvöld myndu telja að fara ætti með veiðileyfi í laxá þar sem eingöngu er veitt til að sleppa? Ætli undanþágan sem tekur til íþróttastarfsemi myndi ná til þess konar leyfa?

Þau fáu dæmi sem hér eru nefnd sýna glögglega nauðsyn þess að ráðast í breytingar á lögum um virðisaukaskatt í ferðapjónustu. Ferðapjónustuaðilum er þetta ljóst og þeir höfðu frumkvæði að því að setja á fót vinnuhóp sem ætlað var að setja fram tillögur að breytingum á virðisaukaskatti í ferðapjónustu. Þeirri vinnu er að mestu lokið og helstu niðurstöður hafa verið

kynntar starfshópi á vegum Fjármála- og
efnahagsráðuneytis um endurskoðun á lögum um
virðisaukaskatt. Vonandi verður þess ekki langt
að biðna að lagðar verði fram tillögur að
lagabreytingum
sem, ef þær verða að lögum, munu gera
virðisaukaskattsskil aðila í ferðaþjónustu
einfaldari og
skilvirkari.

**Birt í Viðskipta Mogganum fimmtudaginn 31. júlí
2014 bls. 12.**